

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness vegna miðsvæðis (M2).

Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2019 breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. maí 2019.

Breytingin felst í breyttum skipulagsákvæðum um bílastæði á miðsvæði M2 á Akranesi, sem nær frá Akratorgi um Kirkjubraut að Stillholti, vegna áforma um aukinn þéttleika byggðar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. júní 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2019